

**Árs-
skýrsla**
2023

Tilgangurinn



Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu

Hlutverk Samgöngustofu er að auka lífsgæði með öruggum samgöngum sem einnig eru sjálfbærar, greiðar og hagkvæmar. Við ætlum að vera samferða íslensku samfélagi og þróast í takt við það um það sameiginlega markmið er að gera samgöngur betri og öruggari óháð ferðamátum. Þjóðfélag sem sættir sig ekki við þann fórnarkostnað sem slys valda byggir upp öryggismenningu með þátttöku allra. Forsenda hennar er löggjöf sem setur viðmið um hegðun, tækni og innviði en verkefnið kallar á sameiginlega ábyrgð og samvinnu, svo það er okkar allra að róa í sömu átt. Með skýrum kröfum, metnaði og fagmennsku getum við náð og viðhaldið árangri sem stenst alþjóðlegan samanburð. Við hjá Samgöngustofu ætlum áfram leggja okkar af mörkum og vera vettvangur samstarfs þeirra sem koma að og stuðla að framförum. Með því að læra hvert af öðru og vinna saman að nútímalegum lausnum stuðlum við í sameiningu að auknu öryggi í samgöngum.

Starfsemin

Samgöngustofa starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og alþjóðlegum skuldbindingum sem gilda á hverjum tíma. Framtíðarsýnin byggir á að bæta samfélagið með auknu öryggi í samgöngum með þeirri margvíslegu starfsemi sem stofnuninni er falin.

Samgöngustofa fer með stjórnsýslu flugmála, siglingamála og hafna, umferðar- og vegamála. Stofnunin annast eftirlit, þ.m.t. ýmsar úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa í öllum samgöngugreinum. Meðal verkefna eru samskipti við alþjóðastofnanir um samgönguöryggi en alþjóðlegt eftirlit og niðurstöður erlendra úttekta á stjórnsýslu í flug- og siglingamálum geta haft bein áhrif á samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja sem starfa í alþjóðlegu umhverfi.

Hjá Samgöngustofu fer fram undirbúningur og innleiðing laga og reglna á sviði samgöngumála. Fræðslumál um samgönguöryggi er mikilvægur þáttur í starfseminni, þar sem áherslur byggja á greiningum á atvikum og slysum. Skráningar, leyfisveitingar, fræðsla og forvarnir, eftirlit og úttektir leggja grunninn að samgönguöryggi og umfangið er í takti við þarfir samfélagsins.

Hjá Samgöngustofu eru haldnar lögbundnar skrár um farartæki á Íslandi, þ.e. ökutæki, skip og loftför. Þá fer umsýsla og skráning farartækja fram hjá stofnuninni. Skrárnar geyma fjölbreyttar upplýsingar líkt og um skrásetningarskírteini farartækja, eignarhald og tæknilegar upplýsingar. Í ökutækjaskrá eru t.d. upplýsingar um eigendur ökutækja sem og gerð þeirra og búnað, skipaskrá geymir upplýsingar um skip sem eru 6 metrar að lengd eða stærri, skráningarnúmer og heimahöfn ásamt



ýmsum tæknilegum upplýsingum. Í loftfaraskrá má m.a. finna upplýsingar um skráningu á eignarhaldi loftfara í eigu íslenskra aðila. Samgöngustofa miðlar ýmsum upplýsingum úr skránum til þeirra sem gögnin þurfa, s.s. til opinberra aðila, fjölmiðla, námsmanna og einkaaðila.

Sérstök áhersla hefur verið lögð á þróun rafrænnar þjónustu og sjálfsafgreiðslu á vef stofnunarinnar til hagsbóta fyrir almenning og hagaðila sem sækja þjónustu og eru undir öryggiseftirliti Samgöngustofu. Mikil tækifæri liggja í stafrænni vegferð, samstarfi um tæknilegar lausnir og samnýtingu innviða sem eykur og jafnar aðgengi viðskiptavina að upplýsingum, gögnum og þjónustu.

Haldin er lögbundin skrá yfir lögskráningu, atvinnuskírteini og undanþágur sjómanna. Ný skipaskrá, Skútan, var tekin í rekstur vorið 2023. Fyrst um sinn verður Skútan notuð til að halda utan um skipaskrá, skírteini og lögskráningar. Síðar er ráðgert að auka rafræna þjónustu í tengslum við skipaskrá, einkum skírteini og lögskráningu sjómanna. Í nýju skipaskránni er hægt að skrá allar skoðanir skipa rafrænt sem auðveldar að halda utan um þær og eykur öryggi í framkvæmd skoðana.

Lokið var innleiðingu á stafrænum ökunámsferli fyrir almennt ökunám til B-réttinda. Ökunemar sækja um rafrænt og fá stafræna ökunámsbók þar sem námsframvindan er skráð rafrænt frá upphafi til enda. Þ.e. skráning ökutíma, ökuskóla, ökuþrófa, akstursmats og útgáfu ökuskírteina. Samstarfsaðilar um stafrænan ökunámsferil, þ.e. innviðaráðuneyti, Stafrænt Ísland, Ríkislögreglustjóri og sýslumenn, greindu og hófu vinnu við stafvæðingu ökunáms til BE-réttinda, þ.e. fólksbifreið með eftirvagn. Stefnt er að innleiðingu á árinu 2024.

Samgöngustofa valdi og gerði samning um próftökukerfi fyrir rafrænna próftöku í bóklegum ökuþrófum. Undirbúningur fyrir innleiðingu fór af stað og stefnt á að rafræn próftaka hefjist á fyrri hluta ársins 2024.


Markmið um opnun á nýjum vef Samgöngustofu á Ísland.is náðist á haustmán-uðum. Með ákvörðun um flutninginn var horft til þarfa notenda, samvinnu um miðlægt vefsvæði ríkisstofnana og hagkvæmri samnýtingu opinberra innviða. Efni vefsins var endurskoðað og áhersla lögð á greiða og gagnlega miðlun. Verkefnið var unnið í virku samstarfi innan Samgöngustofu, svo og við Stafrænt Ísland. Nýr vefur hefur markmið um að greiða götu almennings enn frekar, miðla upplýsingum með skýrum hætti og veita aðgengilegri þjónustu.

Meðal annarra samstarfsverkefna með Stafrænu Íslandi má nefna að eigendaskipti einstaklinga og upplýsingar um ökutæki og ökutækjaferil auk uppflættinga í ökutækjaskrá hafa verið gerð aðgengilegar á Mínum síðum á Ísland.is.

Samgöngustofa er ein þeirra opinberu stofnana sem tekið hafa hvað flest stafræn skref með Stafrænu Íslandi eða alls sex í árslok 2023. Var stofnuninni að því tilefni veitt sérstök viðurkenning á ráðstefnunni Tengjum ríkið, sem haldin var í Hörpu í september 2023. Fleiri stafræn skref eru í vinnslu með Stafrænu Íslandi og má þar nefna stafrænt pósthólf og þjónustuvef.

Áframhaldandi áhersla er á öflun endurgjafar frá viðskiptavinum gegnum viðhorfskannanir svo greina megi betur tækifæri til úrbóta. Samgöngustofa tekur þátt í reglubundinni samræmdri þjónustukönnun fyrir opinbera þjónustu. Jafnframt hefur verið unnið eftir áætlun um eigin reglubundnar viðhorfskannanir meðal viðskiptavina eftir málefnasviðum, í samstarfi við Gallup. Verkefnið hófst haustið 2021 en 2023 voru gerðar kannanir meðal hagaðila í siglingum og meðal almennings fyrir umferð. Samgöngustofa framkvæmdi einnig viðhorfskönnun fyrir hagaðila NorType. Niðurstöðurnar eru nýttar til skilgreiningar og úrvinnslu margvíslegra umbóta-verkefna.

Sem hluti af stefnumiðaðri stjórnun voru á árinu stigin markverð skref í átt að betri þjónustu, meðal annars með öflugu samstarfi við Stafrænt Ísland. Einnig var fram haldið vinnu sem miðar að aukinni sjálfbærni í rekstri.



Mannauðurinn

Mannauðsstefna Samgöngustofu styður við markmið stofnunarinnar og byggir á gildum hennar: Jákvæðni, fagmennska, traust og virðing. Mikil áhersla er lögð á vellíðan starfsfólks, góða starfsaðstöðu og starfsánægju. Í könnun um stofnun ársins sem gerð var síðla árs 2023 kom í ljós að starfsfólk er ánægt með m.a. sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, starfsanda og jafnrétti kynja. Aftur á móti mætti bæta vinnuskilyrði og þá einkum loftgæði. Fjórar reglubundnar mannauðsmælingar voru gerðar á vegum stofnunarinnar sjálfar á árinu. Unnið er markvisst með niðurstöðurnar á hverju starfsviði fyrir sig. Með því að spyrja sömu spurninga á milli ára sjást framfarir í kjölfar umbóta, því heildarárangur milli ára hækkar úr 4,10 í 4,23.

Stefna Samgöngustofu er að allt starfsfólk, óháð kyni, njóti jafnra launa og sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf þannig að enginn ómálefnalegur launamunur sé til staðar. Vottað jafnlaunakerfi stofnunarinnar sem stenst kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 nær til alls starfsfólks, tryggir að málsmeðferð og ákvörðun í launamálum byggist á málefnalegum sjónarmiðum og feli ekki í sér kynbundna mismun. Í júlí 2023 endurnýjaði stofnunin vottun sína til ársins 2026.

Þann 1. janúar 2021 innleiddi Samgöngustofu betri vinnutíma. Mismunandi leiðir til útfærslu voru skilgreindar og lagðar fyrir starfsfólk sem kaus 36 klukkustunda virka vinnuviku eða styttingu um samtals 17 klst. á mánuði. Markmið breytingarinnar var að stuðla að umbótum í starfsemi ríkisstofnana, bæta vinnustaðamenningu og nýta betur vinnutíma án þess að draga úr skilvirkni og gæðum þjónustu. Þá á að tryggja betur gagnkvæman sveigjanleika og stuðla að bættum líf skjörum og samræmingu vinnu og einkalífs. Margvísleg umbótaverkefni í tengslum við stefnumótun hafa stutt

við innleiðinguna, aukið skilvirkni og bætt gæði. Meðal annars má nefna ferla- greiningu og staðlað skilgreint verklag, stafrænar lausnir á borð við vefþjónustur og aukna verkefnastýringu.

Ársverk ársins 2023 voru um 146. Fjöldi starfsfólks var í árslok alls 142, þar af 44% konur og 56% karlar. Störf án staðsetningar hafa ekki verið sérstaklega skilgreind, en fimm starfsmenn hafa starfsstöðvar utan höfuðborgarsvæðisins. Auknir möguleikar til fjarvinnu og reglur um heimildir til heimavinnu nýtast ekki síst fjölda starfsfólks sem er búsett utan höfuðborgarsvæðisins en sækir vinnu til Reykjavíkur.

Starfsfólk stofnunarinnar sækir sér endurmenntun og þjálfun víða. Kröfur um þjálfun og menntun sérfræðinga og eftirlitsmanna eru iðulega skilgreindar í reglu- gerðum, eru oft mjög sérhæfðar og þeim fylgt eftir í úttektum erlendra aðila. Markvissar þjálfunaráætlanir eru gerðar og þeim viðhaldið gagnvart sérfræðingum í málaflokkum allra samgöngugreina.



Öryggi í samgöngum

Öll starfsemi Samgöngustofu miðar að því að stuðla að öryggi í samgöngum, í samræmi við regluverk og alþjóðlegar skuldbindingar. Skráningar farartækja, eftirlit og úttektir á öryggismálum, vottanir og leyfisveitingar íslenskra fyrirtækja sem starfa á sviði samgangna á landi, í lofti og á sjó en ekki síst fræðsla og forvarnir.


Umferð

Látnum og alvarlega slösuðum í umferð hefur ekki verið að fækka eins og markmið gerðu ráð fyrir. Árið 2023 var versta árið í langan tíma hvað þetta varðar. Alvarlega slösuðum gangandi og hjólandi vegfarendum, þ.á.m. á rafhlaupahjólum, hafði verið að fjölga fram til 2023 en þeim fækkar nú aftur. Í staðinn fjölgar bíslýsum mikið. Hluti af skýringunni þar eru erlendu ferðamennirnir sem nú eru komnir aftur á veginum eftir ár takmarkana vegna heimsfaraldurs.

Fræðslu- og auglýsingaherferðir Samgöngustofu um umferð miða að því að breyta hegðun og viðhorfi til hins betra. Árið 2023 var farið í átakið Ekki skúta upp á bak þar sem vakin var athygli á hættunni sem fylgir því að nota rafhlaupahjól á óábyrgan hátt, t.d. undir áhrifum áfengis. Árangurinn var góður því slysum á rafhlaupahjólum

fækkaði á milli ára eftir að hafa verið í stöðugum vexti árin á undan. Ráðist var í herferð um endurskinsmerki með 66°N og um sumarið tók Samgöngustofa þátt í Bylgjulestinni sem lagði áherslu á umferðaröryggi tíu helgar í röð. Framleiddar voru fræðslumyndir vegna aksturs um vinnusvæði, aðkomu að slysstað og hvernig almenningur á að aka innan um ökutæki í forgangsakstri.

Látnir og alvarlega slasaðir í umferðinni




Flug

Alvarlegum atvikum í flutningaflugi (flutningur á farþegum og vörum) hefur fjölgað á síðustu tveimur árum m.t.t. fjölda fluga (fjölda lendinga). Þess ber þó að geta að engin flugslys hafa verið í flutningaflugi síðustu ár en alvarlegu atvikin, sem undir öðrum kringumstæðum hefðu getað endað með slysi, eru á uppleið og hafa tvö síðustu ár því miður verið langt yfir markmiðum. Þá hefur tíðni alvarlegra flugatvika á Íslandi verið mun hærri en meðaltal EASA ríkja. Er það áhyggjuefni en atvikin er samfelldt verið að greina og reynt er að tryggja að allar aðgerðir til mildunar leiði til aukins flugöryggis. Í almannaflygi hins vegar hefur fjöldi alvarlegra atvika og flugslysa lækkað talsvert á síðustu árum svo markmiðum þar hefur verið náð.

Samgöngustofa stuðlar að flugöryggi með aðhaldi og eftirliti með leyfishöfum í flugi, m.a. flugfélögum, flugvöllum og flugumferðarstjórnun. Í áhættumiðuðu eftirliti er áherslan lögð þar sem þörfin er mest. Haldið er úti atvikaskráningu þar sem atvik í flugi eru greind og brugðist við eins og þarf, t.d. með afmörkuðu eftirliti, sérstöku átaksverkefni, fræðslu eða jafnvel breytingum á lagaumhverfi. Flugöryggisáætlun og verkefnaáætlun hennar er haldið við og eru þær í stöðugu endurmati. Á verkefnaáætlun eru verkefni sem Flugöryggisstofnun Evrópu (EASA) hefur metið sem mikilvæg, sem og séríslensk verkefni.

Alvarleg atvik í flutningaflugi á hver 10.000 flug




Siglingar

Banaslys til sjós eru mun færri nú en áður fyrr og hafa fjölmörg ár á síðustu 15 árum verið banaslysalaus, þ.á.m. fimm ár í röð 2017-2021. Öryggismenning við fiskveiðar hefur tekið stórstigum framförum og hefur notkun öryggisbúnaðar og framfylgni á öruggu verklagi batnað til muna.

Samgöngustofa stuðlar að því að bæta og viðhalda góðri öryggismenningu til sjós, m.a. með fræðsluefni og auglýsingum ætluðum sjómönnum en einnig með því að styðja við útgerðir sem vilja bæta sína öryggismenningu. Hefur stofnunin stutt við ýmis verkefni sem lúta að bættu öryggi til sjós í gegnum árlega styrki en að auki hefur mikil áhersla verið lögð á öryggisstjórnun innan útgerða og um borð í skipum. Samgöngustofa hefur komið að gerð öryggisstjórnunarkerfis sem bæði smábátsjómenn og stórar útgerðir geta nýtt sér við að tryggja öryggi um borð og einnig tekið þátt í að koma á kerfi sem heldur utan um skráningar á atvikum og slysum um borð. Það nýtist útgerðum til að bregðast við atvikum og koma í veg fyrir hættum um borð. Skráningarnar eru einnig mikilvægar fyrir Samgöngustofu að meta þróun slysa og þar með hvar ríður mest á að bregðast við með aðgerðum.

Látnir í sjóslysum



Loftslagsmál


Samgöngustofa tekur þátt í samstarfi um umhverfismál sem er vaxandi málaflokkur á heimsvísu. Fylgst er náið með þróun þeirra hjá alþjóðastofnunum á borð við Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO), Samtökum evrópskra flugmálayfirvalda (ECAC) og Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO). Samgöngustofa ber ábyrgð á skilum á svokölluðu State Action Plan, eða aðgerðaáætlun ríkis, til Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Slík áætlun er unnin og lögð fram á þriggja ára fresti og er nú unnið að uppfærslu hennar að viðbættum kafla um orkuskipti í flugi.

Tæknileg þekking á farartækjum í samgöngum er mjög sérhæfð og ráðgjafar gjarnan leitað til sérfræðinga Samgöngustofu. Á hverju ári eru veittar tæknilegar upplýsingar um útbúnað og útblástur farartækja, t.d. vegna viðskiptakerfis Evrópusambandsins með losunarheimildir gróðurhúsalofttegunda (ETS) í flugi. Stofnunin skilar árlega upplýsingum um útblástur ökutækja til Loftslagsmálastofnunar Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Losun frá alþjóðaflugi og alþjóðasiglingum eru ofarlega í umræðunni um aðgerðir til að standa við skuldbindingar þjóða en fyrir Parísartímabilið (2021-2030) hafa aðildarríki ESB, auk Íslands og Noregs, sett sér sameiginlegt markmið um 55% samdrátt í losun árið 2030 miðað við 1990. Undir forystu Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) eru uppi áform um að innleiða viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir (CORSIA) með langtíamarkmiði til ársins 2050 um samdrátt í losun. Innan Evrópu er viðskiptakerfið ETS fyrir losunarheimildir í gildi, en samspil þessara tveggja kerfa getur skaðað samkeppnistöðu Íslands gagnvart öðrum Evrópulöndum og löndum utan Evrópu.

Á vettvangi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) er unnið að þróun öryggisreglna um smíði og búnað skipa, til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá skipum sem nota nýja tækni og annað eldsneyti. Þá er unnið að útfærslu tæknilegra og rekstrarlegra ráðstafana til að auka orkunýtni í alþjóðlegum siglingum.

Helstu atriði varðandi samgöngur á landi snúa að orkuskiptum í umferð og þungaflutningum, öflugum almenningssamgöngum og uppbyggingu innviða fyrir virkar samgöngur. Umtalsverð losun tengist samgöngum á landi eða um 33% af því sem telst á ábyrgð Íslands. Því hafa stjórnvöld lagt ríka áherslu á að stuðla að þeim verkefnum sem draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í vegasamgöngum. Á árinu 2023 voru nýskráningar bifreiða sem ganga eingöngu fyrir rafmagni tæp 45%.



Í lok árs 2022 hafði Samgöngustofa staðist úttekt í fjórum af fimm grænum skrefum og í byrjun árs 2024 var fimmta og síðasta skrefið vottað. Stofnunin er aðili að loftlagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar.



Yfirlit um afkomu ársins 2023

Tekjur	Skýr	2023	2022
Tekjufærsla fjárveitinga.....	2	1.325.100.000	1.332.300.000
Seld þjónusta.....	3	1.492.717.679	1.072.893.063
Vörusala.....	4	388.106.691	297.502.020
Framlög og ýmsar tekju.....	5	24.208.153	17.979.087
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaðu		9.723.374	13.913.951
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....	2	34.533.916	29.007.733
Tekjur samtals		3.274.389.813	2.763.595.854
Gjöld			
Framlög og tilfærslur.....		11.266.334	916.667
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður.....	6	2.295.492.113	2.005.658.193
Annar rekstrarkostnaður	7	813.424.211	710.426.737
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap.....		3.908.438	2.673.382
Afskriftir og niðurfærslur	8	34.533.916	29.007.733
Gjöld samtals		3.158.625.012	2.748.682.712
Afkoma ársins		115.764.801	14.913.142
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	126.531.135	15.329.809
Rekstrartilfærslur		(10.766.334)	(416.667)
		115.764.801	14.913.142

Á árinu 2023 var umfang rekstrar umtalsvert meira á öllum sviðum (flug, umferð og siglingar) samanborið við fyrri ár. Metár var í nýskráningum bifreiða og einnig var fjöldi loftfara á skrá umfangsmeiri en var árin á undan. Þetta skýrir tekjuaukningu stofnunarinnar milli ára ásamt því að gjaldskrárbreyting sem tók gildi í ágúst árið 2022 skilaði sér inn allt árið 2023. Í heildina jukust tekjur á milli ára um 18,5% og var heildar-afkoman jákvæð um 115,7 milljónir en heildar-kostnaður jókst um 14,9% .

Í fjárlögum fyrir árið 2024 var sett aukin aðhaldskrafa á Samgöngustofu eins og aðrar ríkisstofnanir. Þeim væntingum var mætt í nóvember 2023 þegar alls sjö stöðugildi voru lögð niður, eða sem nemur um 5% af starfsmannafjölda stofnunarinnar.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

Eignir	Skýr	31.12.2023	31.12.2022
Handbært fé.....	9	261.862.935	305.397.179
Viðskiptakröfur.....	10	318.704.094	606.036.341
Tengdir aðilar	11	1.288.391.139	661.533.221
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	12	20.094.714	85.251.281
Birgðir	13	24.816.048	41.139.948
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	14	96.148.977	152.529.513
Óefnislegar eignir	15	43.329.857	0
Eignir samtals		2.053.347.764	1.851.887.483
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	1.837.848	19.835.166
Viðskiptaskuldir	16	68.285.727	56.000.057
Ýmsar skammtímaskuldir.....	17	242.900.755	207.459.712
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	18	112.623.470	56.657.386
Skuldir samtals		425.647.800	339.952.321
Eignir að frádregnum skuldum samtals		1.627.699.964	1.511.935.162
Eigið fé	19		
Hrein eign		92.821.944	22.942.857
Bundið eigið fé		1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé samtals		1.627.699.963	1.511.935.162
Eigið fé og skuldir samtals		2.053.347.764	1.851.887.483

Heildareignir jukust um 10,8% á milli ára og eru helstu breytingarnar þær að viðskiptakröfur lækka um tæpar 300 millj. kr. sem skýrist af því að á árinu 2023 innheimti stofnunin ekki lengur vörugjöld og bifreiðagjöld sem hafði veruleg áhrif á stöðu viðskiptamanna í árslok. Kröfur á ríkissjóð hækka á móti umtalsvert og skýrist af því að lausafjárstaða var góð á árinu og því jukust beinar millifærslur á ríkissjóð um 950 millj. kr. árinu 2023.



Samgöngustofa